



Til bæjarstjórnar Kópavogsbæjar
Ágrip til kynningar

Kópavogi, 10. febrúar 2026
2602922/001.02 HO

Efni: Fannborg 2 – úrskurður ÚUA

Með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfi- og auðlindamála í málinu nr. UUA2601015, dags. 9. febrúar sl. var kæru húsfélagsins Hamraborgar 10 er laut að aðgerðarleysi byggingarfulltrúa vegna niðurrifs Fannborgar 2, vísað frá nefndinni.

Málavextir

Húsfélagið kærði ákvörðun byggingarfulltrúa Kópavogsbæjar að aðhafast ekkert vegna niðurrifs Fannborgar 2, og vísað til þess að ekkert byggingarleyfi hefði verið veitt fyrir niðurrifi hússins. Hið rétta var þó að ekkert niðurrif var hafið, heldur var verið að rjúfa gat á skyggni til að koma fyrir gámum upp við húsið.

Kópavogsbær benti á að engri kæránlegri ákvörðun væri til að dreifa í málinu og að byggingarfulltrúi hafi þvert á móti brugðist við ábendingu um óleyfisframkvæmdir og stöðvaði framkvæmdina til bráðabirgða.

Þá lá einnig fyrir að búið er að gefa út byggingarleyfi fyrir niðurrifi hússins, en sú ákvörðun hefur verið kærð til úrskurðarnefndarinnar, auk þess sem krafist er stöðvunar framkvæmda. Er það kærumál til meðferðar hjá nefndinni.

Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar var því sú, í ljósi þess að ekki lá fyrir nein sú ákvörðun sem borin verður undir úrskurðarnefndina, að vísa málinu frá nefndinni.

Virðingarfyllst,

Harri Ormarsson
lögmaður

